


Ólafur W. Nielsen 1928–2025



Ólafur Werner Nielsen, húsgagnasmiður, f. 14. apríl 1928, d. 12. október 2025 var einn þeirra félaga í skíðadeild Ármanns sem um miðja 20. öld urðu stofnfélagar í Jöklarannsóknafélagi Íslands og Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík. Hann tók þátt í fjölmörgum rannsókn- og björgunarleiðöngrum, þar á meðal við flugslysið á Bárðarbungu 14. september 1950, könnun á Grímsvötnum og uppbyggingu rannsóknadstöðu í jöklaskálum. Hann fór í fyrsta leiðangur vísindamanna til Surtseyjar skömmu eftir að gos hófst 1963. Farið var á litlum gúmmíbáti í miklu brimi og Surtur spjó ösku yfir leiðangursmenn. Hraunið undir fótum þeirra var glóandi, öll jörðin titraði, hraunkleprar flugu um loftið og gufustrókar risu til himins, líkast því að eyjan andaði, en enginn vildi missa af því að sjá nýtt land rísa úr sæ. Slík var forvitnin.



Ólafur og félagar með hundinn sem þeir björguðu úr flakinu af Geysi. Ofar: Ólafur Nielsen og Magnús Eyjólfsson (t.h.), neðar: Ásgeir Eyjólfsson (t.v.) og Haukur Hafliðason (t.h.), með hundinn. Ljósmynd: Hörður Hafliðason.

Það var mikil gæfa að yfirvegaðir og harðduglegir ferðamenn eins og Ólafur skyldu leggja jöklarannsóknum lið um miðja 20. öld, allt frá því að menn urðu að ganga dögum saman á skíðum um jöklana og draga sjálfir farangur sinn á sleðum, næst tóku við gamlir snjóbílar og ekið, oft í vályndum veðrum, eftir áttavita og fjarlægðarmæli, meðan ekki sáust handa skil. Kort voru ónákvæm því að menn þekktu illa jöklana. Oft þurfti að bíða í tjöldum marga daga uns birti, jafnvel grafa sig í fönn til þess að halda lífi. Til allrar lukku urðu þó aldrei slys á fólki í þessum svaðilförum.

Ólafur gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir Jöklarannsóknafélagið. Hann tók þátt í fyrstu páskaferð félagsins á Örafajökul 1952, ók snjóbílum félagsins í fyrstu vorferðunum og tók þátt í starfi í bíla- og vélaneftar.

Í ferðum með Ólafi kynntist ég því hve sterkur og traustur félagi hann var, maður sem allir gátu treyst á. Seigla hans var meiri en nokkurs annars sem ég hef kynnst, alltaf sama róin, léttur í lund, hugrakkur. Engan þekkti ég sem gat safnað kröftum eins og hann. Hann hringaði sig saman innan um stafla af tækjum og útbúnaði, festi svefn og vaknaði hress – meðan við hin urðum langþreytt. Hann samhæfði hópinn, „gerum þetta svona, samtaka nú.“

Í ferðum Jöklarannsóknafélagsins kynnist fólk úr ólíkum starfsstéttum, tekst sameiginlega á við margvísleg verkefni og binst oft ævilöngum vináttuböndum. Fyrir farsæla og heilladrjúga samvinnu og vináttu þökkum við félagarnir Ólafi Nielsen.

Helgi Björnsson